



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn að Húsatóftum á Skeiðum, mánudaginn 13. ágúst 2018 kl. 16:00-18:30.

(Fundur nr. 11 frá Stórutjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Valgerður Auðunsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson, Laufey Hannesdóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Jens Baldursson, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

2. Tré ársins

Til greina koma þingviðir (að Skógum undir Eyjafjöllum), rauðgreni í Elliðaárhólmanum, nokkrir hlynir í Reykjavík, e-t tré á Akranesi. Til er listi sem Brynjólfur mun senda á stjórnarmenn. BJ list best á að þingviðirinn verði fyrir valinu, því aðalfundurinn verður haldinn í næsta nágrenni og Skógar verður mögulega áfangastaður í ferð sem farin verður á sunnudeginum, að afloknum aðalfundi. IKEA hefur boðist til að fjármagna viðburðinn „Tré ársins“, m.a. sjá um veitingar. Samþykkt.

3. Stefnumótun – lokayfirferð – frágangur

JG fór yfir og ræddi athugasemdir sem borist hafa frá einstökum skógræktarfélögum (Skilmannahrepps, Borgfirðinga, Garðbæinga).

JG falið að ganga frá lokaútgáfu, að teknu tilliti til athugasemda frá skógræktarfélögum.

4. Undirbúningur aðalfundar – embættisstörf á fundinum o.fl.

Kynnt voru drög að dagskránni og einstakir dagskrárliðir kynntir.

Embættismenn fundarins:

Fundarritarar: Björn Traustason eða Gísli Tryggvason

Kjörbréfanefnd: Kristín Davíðsdóttir, Elísabet Kristjánsdóttir

Formaður skógræktarnefndar: Sigurður Arnarson

Formaður allsherjarnefndar: Jóhannes Benediktsson

Söngstjórar: Guðbrandur Brynjúlfsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Barbara Stanzeit

Guðbrandur hyggst ekki gefa kost á sér til frekari stjórnarsetu. Tillaga um nýjan mann í varastjórn mun koma fram á fundinum.

Skoðunarmenn reikninga: líklega áfram Halldór Halldórsson og Árni Þórólfsson.

Kynnt voru drög að ársskýrslu 2017,

5. Aðalfundur næstu ára – fundarstaðir

Kópavogur 2019 – klárt

Patreksfjörður 2020 – óvíst (gæti orðið Mosfellsbær eða Árnessýsla, vegna 90 ára afmælis á Þingvöllum SÍ).

Hitt raðast á eftir.

6. Undirbúningsnefnd fyrir 90 ára afmæli SÍ

Sennilega ekki ráðlegt að skipa í nefndina fyrir en búið er að ákveða hvar aðalfundurinn verður haldinn árið 2020. En f.h. stjórnar SÍ er lagt til að Þuríður Yngvadóttir, Kristinn H. Þorsteinsson og Jens B. Baldursson skipi undirbúningnefndina, ásamt starfsmönnum og heimamönnum.

7. Önnur mál

BJ sagði frá máli sem hefur verið að gerjast lengi. Notaðir hafa verið lánsjeppar frá Toyota á vegleysum Úlfjótsvatns, en nauðsynlegt er orðið að fjárfesta í dráttarvél. Notaður Valmet-traktor býðst nú frá Jötunvélum á 3-3,5 m kr. Full þörf er á þessu miðað við verkefni sem eru framundan á næstu árum á Úlfjótsvatni (>100 þús. trjáplöntur á ári). Guðbrandur lagði til að dráttarvélin fáiast að láni frá Jötunvélum, gegn fríum auglýsingum í Skógræktarritinu/Laufblaðinu næstu árin.